



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Tillaga, dags. 18. janúar 2018, um hækkun á frítekjumörkum á sérstökum húsnæðisstuðningi.

Á fundi velferðarráðs 18. janúar 2018, var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata, dags. 18. janúar 2018, um hækkun á frítekjumörkum sérstaks húsnæðisstuðnings, ásamt fylgiskjali.

Lagt er til að gerðar verði breytingar á reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning sem samþykktar voru á fundi velferðarráðs þann 3. nóvember 2016 og á fundi borgarráðs þann 10. nóvember 2016, með síðari breytingum, þannig að fjárhæð eignamarka 3. gr. hækki um 7,5% frá 1. janúar 2018 í samræmi við breytingar á eignamörkum í reglugerð um stofnframlög ríkis og sveitarfélaga nr. 555/2016 og að fjárhæð tekjumarka 5. gr. hækki um 7,4% frá 1. janúar 2018 í samræmi við hækkun frítekjumarka almennra húsnæðisbóta, sbr. reglugerð nr. 1197/2017 um breytingar á reglugerð um húsnæðisbætur nr. 1200/2016.

Samþykkt.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar óskar eftir því að skrifstofa borgarstjórnar annist birtingu framangreindra reglan í B-deild Stjórnartíðinda og að reglur verði uppfærðar eins og fram kemur í meðfylgjandi fylgiskjali.

Virðingarfyllst,

Regína Ásvaldsdóttir
sviðsstjóri velferðarsviðs

Fylgiskjal

Í samræmi við breytingar samþykktar á fundi velferðarráðs, dags. 18. janúar 2018, verða eftirfarandi ákvæði í reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning svohljóðandi:

6. tl. 1. mgr. 3. gr. reglna Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning verði svohljóðandi:

Samanlagðar eignir umsækjanda og annarra heimilismanna, 18 ára og eldri, á síðastliðnu ári séu ekki hærri en 5.510.000 kr.

3. mgr. 5. gr. reglna Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning verði svohljóðandi:

Tekjur undir neðri tekjumörkum skerða ekki rétt til sérstaks húsnæðisstuðnings. Sérstakur húsnæðisstuðningur fellur niður við efri tekjumörk í hverju tilfalli en skerðist hlutfallslega upp að því marki.

Fjöldi heimilis- manna	Neðri tekjumörk á ári	Efri tekjumörk á ári	Neðri tekjumörk á mánuði	Efri tekjumörk á mánuði
1	3.622.600	4.528.250	301.883	377.354
2	4.791.180	5.988.975	399.265	499.081
3	5.609.187	7.011.484	467.432	584.290
4 eða fleiri	6.076.620	7.595.775	506.385	632.981

Lagt fyrir fund velferðarráðs 18. janúar 2018

Tillaga fulltrúa Samfylkingar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata í velferðarráði

Lagt er til að gerðar verði breytingar á reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning sem samþykktar voru á fundi velferðarráðs þann 3. nóvember 2016 og á fundi borgarráðs þann 10. nóvember 2016, með síðari breytingum, þannig að fjárhæð eignamarka 3. greinar hækki um 7,5% frá 1. janúar 2018 í samræmi við breytingar á eignamörkum í reglugerð um stofnframlög ríkis og sveitarfélaga og að fjárhæð tekjumarka 5. greinar hækki um 7,4% frá 1. janúar 2018 í samræmi við hækkun frítekjutekjumarka almennra húsnæðisbóta.

Kostnaðurauki vegna tillögu er metinn á bilinu 0,7 til 2,7% umfram þann grunn sem þegar er í áætlun 2018. Miðað við heildaráætlun ársins 2018 sem er 934 mkr samsvarar þetta kostnaðarauka á bilinu 7 til 25 mkr á ársgrundvelli. Í ljósi þess að útgjöld sérstaks húsnæðisstuðnings hafa verið innan fjárheimilda undanfarin misseri er ekki gert ráð fyrir því að hækkun tekjumarka leiði til útgjalda umfram fjárheimildir árið 2018.

Sjá nánar í meðfylgjandi fylgiskjali

Reykjavík, 12. janúar 2017

VEL2018010013

323. fundur

ASA/jvp/köj

Lagt fyrir fund velferðarráðs 18. janúar 2018

Minnisblað

Efni: Hækkun eigna- og tekjumarka í reglum um sérstakan húsnæðisstuðning

Forsaga:

Reglur um sérstakan húsnæðisstuðning voru samþykktar á fundi velferðarráðs þann 3. nóvember 2016 og á fundi borgarráðs þann 10. nóvember 2016. Í 3. grein reglna um skilyrði fyrir samþykki umsóknar er að finna fjárhæð eignamarka. Í 5. grein reglna um áhrif tekna á fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings er að finna fjárhæðir neðri og efri tekjumarka.

Eignamörk hafa staðið óbreytt frá upphaflegu samþykki reglnanna. Fram að þessu hafa eignamörk verið í samræmi við eignamörk í reglugerð um stofnframlög ríkis og sveitarfélaga, húsnæðissjálfsseignarstofnanir og almennar íbúðir. Þann 29. nóvember 2017 undirritaði félags- og jafnréttismálaráðherra reglugerð sem fól í sér hækkun eignamarka úr kr. 5.126.000 í kr. 5.510.000 eða um 7,5%.

Tekjumörkum var síðast breytt með samþykkt velferðarráðs þann 18. maí 2017 og var sú breyting samþykkt á fundi borgarráðs þann 8. júní 2017. Fram að þessu hafa neðri tekjumörk sérstaks húsnæðisstuðnings verið í samræmi við frítekjumörk húsnæðisbóta ríkisins en efri tekjumörk hafa verið 25% hærri. Þann 29. desember 2017 undirritaði félags- og jafnréttismálaráðherra reglugerð sem fól í sér 7,4% hækkun tekjumarka húsnæðisbóta frá 1. janúar 2018.

Fyrir liggur tillaga um hækkun eigna- og tekjumarka sérstaks húsnæðisstuðnings með gildistöku 1. janúar 2018.

Greinargerð:

Fyrirliggjandi tillaga gerir ráð fyrir breytingum á reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning sem samþykktar voru á fundi velferðarráðs þann 3. nóvember 2016 og á fundi borgarráðs þann 10. nóvember 2016 þannig að fjárhæð eignamarka 3. greinar hækki um 7,5% og fjárhæð tekjumarka 5. greinar hækki um 7,4%.

Núgildandi 6. tl. 1. mgr. 3. gr. reglna Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning er nú svohljóðandi:

3. gr.

Skilyrði fyrir samþykki umsóknar

...

6. Samanlagðar eignir umsækjanda og annarra heimilismanna, 18 ára og eldri, á síðastliðnu ári séu ekki hærri en 5.126.000 kr.

Lagt er til að 6. tl. 1. mgr. 3. gr. reglna Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning verði svohljóðandi:

3. gr.

Skilyrði fyrir samþykki umsóknar

...

6. Samanlagðar eignir umsækjanda og annarra heimilismanna, 18 ára og eldri, á síðastliðnu ári séu ekki hærri en 5.510.000 kr.

Núgildandi 3. mgr. 5. gr. reglna Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning er nú svohljóðandi:

5. gr.

Áhrif tekna á fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings

...

Tekjur undir neðri tekjumörkum skerða ekki rétt til sérstaks húsnæðisstuðnings. Sérstakur húsnæðisstuðningur fellur niður við efri tekjumörk í hverju tilfalli en skerðist hlutfallslega upp að því marki.

Fjöldi heimilis- manna	Neðri tekjumörk á ári	Efri tekjumörk á ári	Neðri tekjumörk á mánuði	Efri tekjumörk á mánuði
1	3.373.000	4.216.250	281.083	351.354
2	4.461.064	5.576.330	371.755	464.694
3	5.222.710	6.528.388	435.226	544.032
4 eða fleiri	5.657.936	7.072.420	471.495	589.368

Lagt er til að 3. mgr. 5. gr. reglna Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning verði svohljóðandi:

5. gr.

Áhrif tekna á fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings

...

Tekjur undir neðri tekjumörkum skerða ekki rétt til sérstaks húsnæðisstuðnings. Sérstakur húsnæðisstuðningur fellur niður við efri tekjumörk í hverju tilfalli en skerðist hlutfallslega upp að því marki.

Fjöldi heimilis- manna	Neðri tekjumörk á ári	Efri tekjumörk á ári	Neðri tekjumörk á mánuði	Efri tekjumörk á mánuði
1	3.622.600	4.528.250	301.883	377.354
2	4.791.180	5.988.975	399.265	499.081
3	5.609.187	7.011.484	467.432	584.290
4 eða fleiri	6.076.620	7.595.775	506.385	632.981

Þann 29. nóvember 2017 undirritaði þáverandi félags- og jafnréttismálaráðherra reglugerð sem felur í sér breytingar á reglugerð nr. 555/2016 um stofnframlög ríkis og sveitarfélaga, húsnæðissjálfsseignarstofnanir og almennar íbúðir. Í breytingunum fólst að eignamörk þau er fram koma í 2. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar voru hækkuð úr 5.126.000 kr. í 5.510.000 kr. eða um 7,5%.

Lagt er til að samþykkt verði breyting á reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning á þann veg að fjárhæð eignamarka samkvæmt 6. tl. 1. mgr. 3. gr. verði hækkuð til samræmis við reglugerðina og breytingin taki gildi þann 1. janúar 2018. Kostnaðarauki vegna hækkunar eingamarka er metinn óverulegur eða að hámarki um 0,5 mkr á ársgrundvelli miðað við forsendur um eignir samkvæmt afgreiðslu sérstaks húsnæðisstuðnings í nóvember 2017.


Þá undirritaði félags- og jafnréttismálaráðherra þann 29. desember 2017 reglugerð sem felur í sér breytingar á reglugerð nr. 1200/2016 um húsnæðisbætur. Í breytingunum fólst að grunnfjárhæð húsnæðisbóta hækkaði um 4,7% og að frítekjumörk vegna húsnæðisbóta hækkuðu um 7,4% og gilda þær breytingar frá 1. janúar 2018. Þann 1. janúar 2018 hækkaði framfærsluviðmið Tryggingastofnunar vegna þeirra sem búa einir með heimilisuppbót úr kr. 280.000 í kr. 300.000 eða um 7,1%. Breyting á frítekjumörkum húsnæðisbóta skv. reglugerð hækkar frítekjumark þeirra sem búa einir úr kr. 281.083 í kr. 301.883. Leiða má að því líkum að hækkun frítekjumarka húsnæðisbóta hafi verið til þess gerð að tryggja að einstaklingar sem búa við varanlega örorku haldi rétti á óskertum húsnæðisbótum eftir hækkun framfærsluviðmiða Tryggingastofnunar.

Lagt er til að samþykkt verði breyting á reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning á þann veg að fjárhæð tekjumarka samkvæmt 5. gr. reglnanna verði hækkuð um 7,4% til samræmis við hækkun frítekjumarka húsnæðisbóta og að

breytingin taki gildi þann 1. janúar 2018. Kostnaðurauki vegna tillögu er metinn um 0,7 til 2,7% umfram þann grunn sem þegar er í áætlun 2018. Miðað við heildaráætlun sérstaks húsnæðisstuðnings árið 2018 sem er 934 mkr samsvarar þetta kostnaðarauka á bilinu 7 til 25 mkr á ársgrundvelli. Hins vegar í ljósi þess að útgjöld sérstaks húsnæðisstuðnings hafa verið innan fjárheimilda undanfarin misseri gerir skrifstofa fjármála og reksturs ekki ráð fyrir því að hækkun tekjumarka leiði til útgjalda umfram fjárheimildir árið 2018. Þá stendur jafnframt til að endurskoða áætlun sérstaks húsnæðisstuðnings á vormánuðum ársins 2018 í samvinnu við Fjármálaskrifstofu og verður þá tækifæri til þess að bregðast við ef kostnaður þróast með öðrum hætti.

Kostnaðarmat við tillögu er unnin út frá reiknilíkani byggðu á umsóknum um sérstakan húsnæðisstuðning frá nóvember 2017. Endanlegur kostnaður velferðarsviðs vegna hækkunar tekjumarka fer eftir þróun tekna notenda á árinu 2018 en sú þróun hefur áhrif á fjölda þeirra sem verða fyrir skerðingu vegna tekna. Ef tekjur notenda sérstaks húsnæðisstuðnings hækka umfram 7,4% hækkun tekjumarka má gera ráð fyrir því að útgjöld sérstaks húsnæðisstuðnings lækki miðað við áætlun 2018. Verði hins vegar þróun tekna lægri en 7,4% má gera ráð fyrir útgjaldaauka. Þessu samhengi er lýst í mynd 1 hér að neðan.

Mynd 1: Áhrif hækkunar tekjumarka eftir mismunandi sviðsmyndum tekna notenda sérstaks húsnæðisstuðnings.



Mynd 1 lýsir niðurstöðum reiknilíkans eftir mismunandi sviðsmyndum um hækkun tekna og hvort að tekjumörk sérstaks húsnæðisstuðnings hækki í samræmi við tillögu eða eru óbreytt. Þau hlutföll sem koma fram í mynd 1 lýsa breytingu útgjalda miðað við útgjöld nóvembermánaðar 2017 með eldri tekjumörkum og grunnfjárhæðum húsnæðisbóta sem er í samræmi við þann grunn sem er í áætlun 2018.

Breyting grunnfjárhæða og tekjumarka húsnæðisbóta hefur áhrif á fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings þar sem grunnur sérstaks húsnæðisstuðnings er hlutfall eða stuðull af greiðslu húsnæðisbóta. Í núgildandi reglum er þessi stuðull 1,0 þannig að fyrir hverjar 1.000 kr. af húsnæðisbótum greiðist að hámarki 1.000 kr. í sérstakan húsnæðisstuðning.

Þannig má sjá að ef tekjur notenda haldast óbreyttar m.v. nóvember 2017 þá er kostnaðarauki vegna hækkunar tekjumarka og grunnfjárhæða húsnæðisbóta um 1% umfram greiðslu nóvembermánaðar miðað við óbreytt tekjumörk sérstaks húsnæðisstuðnings. Þessi útgjaldaauki er talsvert lægri en hækkun grunnfjárhæðar húsnæðisbóta skv. reglugerð 4,7% og skýrist munur af öðrum takmarkandi þáttum við útreikning sérstaks húsnæðisstuðnings um t.d. hámarksfjárhæð eða hlutfall af húsaleigu ásamt skilyrði um lágmarks nettó húsaleigu. Þessi skilyrði geta leitt til lækkunar á fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings við hækkun húsnæðisbóta. Til dæmis lækkar sérstakur húsnæðisstuðningur hjá heimilum sem fá hámarks fjárhæð 90.000 kr. eftir því sem hlutur húsnæðisbóta hækkar en samtals greiðsla til þessara heimila helst óbreytt þ.e. 90.000 kr.

Ef horft er áfram á niðurstöður reiknilíkans út frá forsendu um óbreyttar tekjur má sjá á mynd 1 að hækkun tekjumarka sérstaks húsnæðisstuðnings samkvæmt tillögu leiði til 12% hækkunar útgjalda umfram nóvember 2017 þar sem talsvert færri heimili verði fyrir skerðingu vegna tekna.

Ljóst er að kostnaður vegna hækkunar tekjumarka verði þó talsvert lægri þar sem forsenda um óbreyttar tekjur heldur ekki m.a. þar sem búið er að ákveða hækkun framfærsluviðmiða Tryggingastofnunar eins og lýst hefur verið. Þannig munu einstaklingar með fulla heimilisuppbót hækka úr kr. 280.000 á mánuði í 300.000 kr. eða um 7,1% frá 1. janúar 2018. Í nóvember mánuði 2017 voru um 36% notenda sérstaks húsnæðisstuðnings einir í húsnæði og með atvinnustöðuna „75% öryrki“ og má ætla að nokkur hluti þessa hóps muni njóta þessarar hækkunar. Þá gerir nýleg þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá nóvember 2017 ráð fyrir 6,3% hækkun launavísitölu á árinu 2018. Ef gert er ráð fyrir því að tekjur notenda sérstaks húsnæðisstuðnings hækki á bilinu 6 til 7% árið 2018 er kostnaður vegna hækkunar tekjumarka umfram þann grunn sem er í áætlun 2018 reiknaður á bilinu 0,7 til 2,7% eða sem samsvarar 7 til 25 mkr á ársgrundvelli miðað við 934 mkr heildaráætlun.

Bent er á að miðað við 6 til 7% hækkun tekna notenda sérstaks húsnæðisstuðnings árið 2018 verði útgjöld sérstaks húsnæðisstuðnings umtalsvert lægri en áætlun gerir ráð fyrir komi ekki til hækkunar tekjumarka eða á bilinu -12 til -14%.

Niðurstaða:

Kostnaður við hækkun eigna- og tekjumarka samkvæmt tillögu er metinn á bilinu 7 til 25 mkr á ársgrundvelli og gert er ráð fyrir því að sú fjárhæð rúmist innan fjárheimildir ársins 2018.

Jón Viðar Pálmason
deildarstjóri skrifstofu fjármála og reksturs